



# Hvað borða íslensk börn og unglingar?

Könnun á mataræði 9 og 15 ára barna og unglinga 2003-2004

---

The Diet of Icelandic 9- and 15-year-old children and adolescents

Dietary survey of  
Unit for Nutrition Research  
2002-2003

Rannsóknastofa í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahús

2006

Inga Þórsdóttir  
Ingibjörg Gunnarsdóttir



## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Samantekt.....   | 5  |
| English summary .....  | 6  |
| 1. RANNSÓKN Á MATARÆÐI 9 OG 15 ÁRA ÍSLENDINGA.....                         | 7  |
| 1.1 Inngangur .....  | 7  |
| 1.2 Þátttakendur .....   | 7  |
| 1.3 Aðferðir.....  | 8  |
| 1.4 Útreikningar og gagnagrunnar .....                                     | 9  |
| 2. RÁÐLEGGINGAR UM MATARÆÐI .....  | 11 |
| 2.1 Grænmeti og ávextir daglega .....                                      | 11 |
| 2.2 Fiskur – helst tvisvar í viku eða oftár.....                           | 12 |
| 2.3 Gróft brauð og annar kornmatur .....                                   | 12 |
| 2.4 Fituminni mjólkurvörur .....   | 12 |
| 2.5 Salt í hófi.....   | 13 |
| 2.6 Lýsi eða annar D-vítamínjafi .....                                     | 13 |
| 2.7 Vatn er besti svaladrykkurinn .....                                    | 14 |
| 2.8 Hugum að þyngdinni – borðum hæfilega mikið .....                       | 14 |
| 2.9 Máltíðamynstur – morgunmatur .....                                     | 15 |
| 3. NEYSLA MATVÆLA .....  | 17 |
| 3.1 Mjólk og mjólkurvörur .....  | 17 |
| 3.2 Ostar og egg. Ís, snakk og sælgæti.....                                | 19 |
| 3.2.1 Ostar og egg .....   | 19 |
| 3.2.2 Ís, snakk og sælgæti .....   | 19 |
| 3.3 Kornvörur.....   | 21 |
| 3.4 Grænmeti og kartöflur.....   | 23 |
| 3.5 Ávextir og ber .....   | 25 |
| 3.6 Kjöt og kjötafurðir, fiskur og fiskafurðir .....                       | 27 |
| 3.7 Fita og feitmeti .....   | 28 |
| 3.8 Drykkir.....   | 29 |
| 3.8.1 Gos- og svaladrykkir.....  | 29 |
| 3.8.2 Ávaxta- og berjasafi.....  | 30 |
| 3.8.3 Vatn og sóðavatn.....  | 30 |
| 3.8.4 Aðrir drykkir .....  | 30 |
| 4. NÆRINGAREFNI OG HOLLUSTA FÆÐUNNAR .....                                 | 31 |
| 4.1 Orka og orkugefandi næringarefni .....                                 | 31 |
| 4.1.1 Orka.....  | 31 |
| 4.1.2 Orkugefandi næringarefni .....                                       | 32 |
| 4.1.3 Orkugefandi næringarefni – hlutföll af heildarorku.....              | 41 |
| 4.2 Vítamín og steinefni.....  | 43 |
| 4.2.1 Er þörf barna og unglunga fyrir vítamín og steinefni fullnægt? ..... | 43 |
| 4.2.2 Efri mörk hættulausrar neyslu vítamína og steinefna .....            | 44 |
| 5. LOKAORÐ .....   | 57 |
| 6. ÞAKKIR.....   | 58 |
| Heimildir .....  | 59 |



## Samantekt

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður rannsókna á mataræði 9 og 15 ára barna og unglunga (n=325). Rannsóknin leiddi í ljós að bæði eru kostir og gallar á fæðuvali þessara aldurshópa. Helstu gallar voru þeir að D-vítamínneysla var almennt ekki fullnægjandi, trefjaneysla var mjög lítil og neysla á viðbættum sykri var meiri en ráðleggingar gera ráð fyrir. Lítil fiskneysla endurspeglar í þeirri staðreynd að stór hluti barna og unglunga á það mjög á hættu að fullnægja ekki joðþörf sinni. Neysla ávaxta og grænmetis var einungis um helmingur þess sem ráðlagt er og er með því lágsta sem gerist í Evrópu.

Niðurstöðurnar benda því til þess að ástæða sé til að hvetja til almennrar lýsisneyslu til að tryggja nægjanlegt magn D-vítamíns í fæði barna og unglunga en einnig til að auka hlut ómega-3 fitusýra en þær reyndust vera af skornum skammti í fæði þátttakenda. Með því að auka neyslu á grófu brauði, grænmeti og ávöxtum mætti auka trefjaneyslu auk annarra hollefna sem líkaminn þarf á að halda. Unnt væri að minnka neyslu á viðbættum sykri til dæmis með því að minnka neyslu á sykrudum gos- og svaladrykkjum.

Jákvæðar breytingar virðast þó einnig hafa orðið á mataræði ungs fólks síðastliðinn áratug og má þar nefna aukna vatnsdrykkju og ávaxta- og grænmetisneysla hefur aukist lítillega.

Til að ná fram breytingum er nauðsynlegt að fræða börn og unglunga og ekki síst foreldra um mikilvægi næringar. Nær fimmtungur íslenskra barna og unglunga telst vera of þungur og í því samhengi er mikilvægt að huga að því að jafnvægi verður að vera milli orku sem fæðan gefur og orkunotkunar. Átröskun (anorexia nervosa og bulemia nervosa) er einnig vaxandi vandamál í þjóðfélaginu. Fræðsla um heilbriggt mataræði, hæfilegar skammtastærðir, mikilvægi daglegrar líkamlegrar hreyfingar og það að kenna einstaklingum að bera ábyrgð á eigin heilsu gætu haft mikla þýðingu við að lækka hlutfall þeirra sem eru of þungir í samfélaginu, auk þess að minnka líkur á átröskun.

## **English summary**

In this report, results from a dietary survey of 9- and 15-year-old children and adolescents are presented (n=325). There are both positive and negative findings concerning the diet. The main shortcomings are low intake of vitamin D, low intake of dietary fibers and higher than recommended intake of added sugar. A considerable proportion of children and adolescents are in relatively high risk of not getting enough iodine from their diet, which is attributable to low fish consumption. The intake of fruits and vegetables is only half of what is recommended.

The results show that there is a reason to encourage general use of cod liver oil to ensure adequate intake of vitamin D. Consumption of cod liver oil would also increase the contribution of omega-3 fatty acids in the diet which is low according to the results. By increasing consumption of whole bread, vegetables and fruits the intake of dietary fibers would increase. Limiting consumption of soft drinks and other sweet drinks could decrease intake of added sugar.

Positive changes in dietary habits of children and adolescents in Iceland during the last decade are for example increased consumption of drinking water and a small increase in fruit and vegetable intake.

Nutrition education for children and parents plays a role for improving dietary habits among children and adolescents. Nearly one fifth of Icelandic children and adolescents are overweight and in that context it is strategic to consider the importance of the balance between energy intake and energy expenditure. Eating disorder (anorexia nervosa and bulimia) is also an increasing problem in the Icelandic society. Instruction regarding sound and healthy diet, suitable portion sizes, importance of daily physical activity together with learning how to take responsibility for own health could have significant effect to decrease the prevalence of overweight and eating disorders in the Icelandic population.

# 1. RANNSÓKN Á MATARÆÐI 9 OG 15 ÁRA ÍSLENDINGA

## 1.1 Inngangur

Mataræði er einn af þeim umhverfisþáttum sem hefur hvað víðtækust áhrif á heilsu fólks. Þekking á mataræði þjóðarinnar er grundvöllur þess að hægt sé að leiðbeina um bætt mataræði, fylgjast með breytingum á mataræði og byggja upp þekkingargrunn til að vinna gegn aukinni tíðni offitu auk annars heilsubreysts og með því auka heilsu og vellíðan. Það er því lykilatriði að rannsaka neyslu barna og unglunga, einkum hvert orku- og næringarefnainnihald fæðunnar er, auk þess að kanna almennt fæðuval þeirra. Kannanir á mataræði eru einnig forsenda þess að unnt sé að meta hættuna á ofneyslu vítamína og steinefna við íblöndun bætiefna í matvæli. Manneldisráð Íslands gekkst fyrir könnun á mataræði 10-14 ára grunnskólabarna veturinn 1992-1993 (1) en síðan hefur mataræði þessa hóps ekki verið kannað fyrr en nú. Könnun var gerð á mataræði fullorðinna Íslendinga árið 2002 (2).

Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN) sérhæfir sig í rannsóknum á mataræði og heilsu barna og unglunga. Starfsfólk RÍN hefur á undanförmum árum birt fjölda vísindagreina sem fjalla um næringu og heilsu ungbarna (3-5), 2 ára barna (6), 6 ára (7-10) og 11 ára barna (11-14). Vinna RÍN hefur skilað sér í breyttum áherslum hvað varðar ráðleggingar til foreldra ungra barna á Íslandi og annars staðar, sérstaklega á Norðurlöndum, og meðal annars til þróunar á íslenskri mjólkurafurð sem hentar börnum á aldrinum sex mánaða til tveggja ára. Niðurstöður ofangreindra rannsókna hafa einnig verið notaðar til að skerpa sýn þeirra sem leggja línurnar og skipuleggja verkefni á sviði lýðheilsu hérlendis. Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður rannsóknar á mataræði 9 og 15 ára barna og unglunga sem unnin var á RÍN undir stjórn Ingu Þórsdóttur, prófessors í næringarfræði.

## 1.2 Þátttakendur

Rannsókn á mataræði 9 og 15 ára barna og unglunga var hluti af rannsókn á lífstíl, mataræði og heilsu barna og unglunga. Rannsóknin var unnin í samvinnu við Ípróttufræðasetur Kennaraháskóla Íslands, félagsvísindadeild og sjúkraþjálfunarskor Háskóla Íslands. Þátttakendur voru valdir af handahófi í klasaúrtak, alls 1328 níu ára börn og fimmtán ára unglingar sem endurspegluðu þjóðina sem best með tilliti til búsetu, menntunar, efnahags og annarra lífsskilyrða. Meginfjöldi í úrtakinu var tekinn af 4 svæðum (klösum) á landinu, I. höfuðborgarsvæðinu, II. Akureyri, Húsavík og nágrenni, III. uppsveitum Árnessýslu og IV. Egilsstöðum ásamt Héraði. Á hverju svæði voru valdir einstaklingar úr báðum árgöngum af handahófi í hlutfalli við stærð árganganna á hverjum stað. Alls tóku 934 börn og unglingar þátt í lífsstílsrannsókninni (70%), en þátttakendur í mataræðiskönnun voru um það bil þriðjungur af þeim fjölda eða 366 grunnskólanemar (183 9 ára börn og 183 15 ára unglingar), valdir af handahófi úr hópi þátttakenda í lífsstílskönnuninni. Í töflu 1.1 eru taldir upp þeir skólar sem tóku þátt í rannsókninni.



**Tafla 1.1** Skólar á hverju svæði fyrir sig (fjöldi og hlutfall af heildarþátttöku)

| Svæði                             | Skólar  |
|-----------------------------------|---|
| Höfuðborgarsvæðið<br>(n=186, 51%) | Austurbæjarskóli, Húsaskóli, Hamraskóli,<br>Kópavogsskóli, Breiðholtsskóli,<br>Langholtsskóli, Hvaleyrarskóli |
| Bæir úti á landi<br>(n=138, 38%)  | Lundarskóli, Brekkuskóli, Síðuskóli,<br>Oddeyrarskóli, Borgarhólsskóli,<br>Grunnskólinn á Egilstöðum          |
| Sveitaskólar<br>(n=40, 11%)       | Hrafnagilsskóli, Stórutjanarskóli,<br>Litlulaugaskóli, Fellaskóli   |

Alls voru 39 einstaklingar útilokaðir frá útreikningum vegna vanskráningar þar sem reiknuð orka úr fæði þeirra var lægri en reiknuð grunnorkuþörf (orka sem líkaminn þarf í algjerri hvíld). Tveir 15 ára unglingar voru ekki teknir með vegna gríðarlega hárrar orku úr fæðu (>6000 kcal/dag) og voru þeir útilokaðir frá frekari úrvinnslu. Því byggjast niðurstöður í þessari skýrslu á niðurstöðum frá 325 einstaklingum (175 9 ára börnum og 150 15 ára unglíngum).

### 1.3 Aðferðir

Ákveðið var að nota aðferð sem myndi auka líkur á góðri þátttöku í rannsókninni, gefa áreiðanlegar niðurstöður á einstaklingsgrundvelli, auk þess að vera ódýr og tiltölulega auðveld í framkvæmd. Endurtekin sólarhringsupprifjun á mataræði varð því fyrir valinu. Þjálfaðir einstaklingar tóku viðtal við hvern einstakling tvisvar sinnum og neysla dagsins áður var rifjuð upp. Tveir til fjórir dagar liðu milli viðtala og þátttakendur vissu ekki hvenær þeir máttu eiga von á viðtali, en það er mikilvægur þáttur í því að rannsóknin hafi ekki áhrif á niðurstöður könnunarinnar. Viðtölin voru tekin í viðkomandi skólum mánudaga-föstudaga frá september 2003 til janúar 2004.

Aðferðin, sem varð fyrir valinu, var upphaflega þróuð af Lýðheilsustöð fyrir könnun á mataræði fullorðinna Íslendinga árið 2002 (2). Í þeirri könnun voru viðtölin tekin í síma en í þeirri rannsókn, sem nú er lýst, voru viðtölin tekin augliti til auglitis í kyrrð og ró í lokuðu herbergi til að ná betra sambandi við börnin og unglíngana. Viðtölin fóru þannig fram að þátttakendur voru beðnir um að rifja upp allan mat og drykk sem þeir höfðu neytt, bæði heima og að heiman, frá því þeir vöknúðu deginum áður og þar til þeir vöknúðu næsta dag (daginn sem viðtalið var tekið). Farið var yfir daginn þrisvar sinnum til að reyna að tryggja að sem minnst gleymdist eða yrði útundan og var fylgt ákveðnu kerfi við að minna á einstök matvæli eða drykki sem hugsanlega hafði verið neytt. Skráð var tegund matvæla, matreiðsluaðferð (t.d. hvort fiskur hafi verið soðinn eða steiktur), meðlæti, sósur, snakk, millimálabitur o.fl. Til að ákvarða magn (skammtastærðir) var stuðst við myndahefti frá Lýðheilsustöð með ljósmyndum af fjórum mismunandi skammtastærðum af 49 algengum réttum og fæðutegundum sem var ætlað að auðvelda þátttakendum að áætla magn fæðu. Nánari upplýsingar um aðferðina er að finna í skýrslu Lýðheilsustöðvar, *Hvað borða Íslendingar? Könnun á mataræði Íslendinga 2002*.

#### **1.4 Útreikningar og gagnagrunnar**

Reiknuð var neysla 138 næringarefna og næringarefnaflokka, úr 394 hráefnum og 452 réttum. Tveir gagnagrunnar voru undirstaða útreikninga, annars vegar Íslenski gagnagrunnurinn um efnainnihald matvæla ÍSGEM (2,15), sem hefur að geyma gögn um næringarefnainnihald matvæla, og hins vegar gagnagrunnur Lýðheilsustöðvar um samsetningu algengra rétta og skyndibita á íslenskum markaði. Útreikningar voru unnir í forriti Lýðheilsustöðvar, ICEFOOD. Reiknað var með fyrirframgefnu tapi á næringarefnum við matreiðslu, suðu, steikingu og bakstur. Næringarefnaútreikningar byggjast á niðurstöðum tveggja sólarhringsupprifjana.



## 2. RÁÐLEGGINGAR UM MATARÆÐI

Ráðleggingar um mataræði fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri eru birtar á heimasíðu Lýðheilsustöðvar ([www.lydheilsustod.is](http://www.lydheilsustod.is)). Í þessum kafla verður fjallað um hversu vel íslensk börn og unglingar fylgja ráðleggingunum, en síðar í skýrslunni (kafla 3) er fjallað nánar um fæðuval og neyslu matvæla.

### Ráðleggingar um mataræði fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri

- Höfum fjölbreytnina í fyrirrúmi
- Grænmeti og ávextir daglega
- Fiskur - helst tvisvar í viku eða oft
- Gróf brauð og annar kornmatur
- Fituminni mjólkurvörur
- Salt í hófi
- Lýsi eða annar D-vítamínjafi
- Vatn er besti svaladrykkurinn
  
- Hugum að þyngdinni
- Borðum hæfilega mikið
- Hreyfum okkur rösklega daglega



### 2.1 Grænmeti og ávextir daglega

Lýðheilsustöð ráðleggur fullorðnum að neyta meira en 500 gramma af grænmeti, ávöxtum og safu á dag, þar af a.m.k. 200 grömm af grænmeti og 200 grömm af ávöxtum auk kartaflna.

Aðeins þrjú 9 ára börn og einn 15 ára unglundur borðuðu að jafnaði 200 grömm eða meira af grænmeti (heildarneysla grænmetis án kartaflna og franskra kartaflna), eða rétt rúmlega 1% af úrtakinu. Í ráðleggingum Lýðheilsustöðvar er vísað til þess að ráðleggingarnar eigi við fullorðið fólk og ekki gerður greinarmunur á körlum og konum. Meðalorkuneysla 9 ára barnanna var 1965 hitaeiningar á dag sem er meira en konur í Landskönnun 2002 neyttu að meðaltali. Það er því eðlilegt að miða við að 9 ára börn nálgist þá neyslu sem ráðlögð er fyrir fullorðið fólk.

Nokkru fleiri börn og unglingar fylgja ráðleggingum hvað varðar ávaxtaneyslu heldur en grænmetisneyslu. 12% 9 ára barna borða að jafnaði 200 grömm eða meira af ávöxtum og berjum á degi hverjum. Hlutfallið lækkar um hálf prósentustig ef aðeins eru taldir með nýir ávextir og ber, en sulta, niðursoðnir ávextir og ávaxtagrautur undanskilin. Neysla ávaxta er nokkru minni meðal 15 ára unglunga en 9 ára barna. Aðeins 8% 15 ára unglunga borða 200 grömm eða meira úr ávaxtaflokki. Ef aðeins er horft til neyslu á ferskum ávöxtum og berjum (unnir ávextir undanskildir) fylgja einungis 7 af hundraði ráðleggingum sem settar hafa verið fram um neyslu ávaxta. Ávaxtaflokki tilheyrja einnig hnetur og fræ en neysla á þessum afurðum er hverfandi meðal 9 og 15 ára barna og unglunga í rannsókninni.

## 2.2 Fiskur – helst tvisvar í viku eða oftár

Æskilegt er að neyta fiskmáltíðar a.m.k. tvisvar í viku, fyrir utan álegg eða salat úr fiski. Reiknað er með að einn skammtur af fiski samsvari um 150 grömmum. Tvær fiskmáltíðir í viku samsvara því um 43 grömmum að meðaltali á degi hverjum. Meðalfiskneysla var um 27 grömm á dag í báðum aldurshópunum en það samsvarar því að fiskur sé á borðum tæplega 1,5 sinnum í viku að jafnaði.

## 2.3 Gróft brauð og annar kornmatur

Niðurstöður könnunarinnar benda eindregið til þess að brauðmeti og kornmatur í fæði 9 og 15 ára barna og unglínga sé ekki jafn-gróft og trefjaríkt og ráðleggingar gera ráð fyrir. Þetta endurspeglast í lítilli trefjaneyslu og mikilli neyslu á viðbættum sykri sem meðal annars kemur úr sykrudu morgunkorni, kókum og kexi. Í ráðleggingum um mataræði er mikil áhersla lögð á trefjaríkt fæði, svo sem gróft brauð og annan kornmat, auk grænmetis og ávaxta (16). Æskilegt er fyrir báða aldurshópa að velja meira af trefjaríku brauði (sem gefur meira en 6 grömm af trefjum úr 100 grömm af brauði) og auka neyslu á heilkornaafurðum á kostnað finunninna korntegunda.

## 2.4 Fituminni mjólkurvörur

Lýðheilsustöð ráðleggur fólki að fá sér tvö glös, diska eða dósir af mjólk eða fitulitlum og lítið sykrudum mjólkurmat á dag. Þetta samsvarar um 500 ml af mjólk og mjólkurvörum á dag. Ostur getur komið í stað mjólkurvara að hluta til en 25 grömm af osti jafngilda einu glasi eða diskum af mjólkurvörum. Eins og nánar verður fjallað um í kafla 3 velja 9 og 15 ára börn og unglíngar frekar léttmjólk til drykkjar heldur en nýmjólk og er það jákvæð breyting sem orðið hefur á mataræði þessa sama aldurshóps á síðastliðnum áratug (1).

Eins og sjá má í töflu 2 þá fara um 80% barna og unglínga að ráðleggingum um að neyta tveggja skammta af mjólkurmat daglega.

**Tafla 2.1** Neysla mjólkur og osta\*.


|              | Allir (%) | 9 ára (%) | 15 ára (%) |
|--------------|-----------|-----------|------------|
| <2 skammtar  | 21        | 22        | 20         |
| 2-5 skammtar | 65        | 67        | 63         |
| >5 skammtar  | 14        | 11        | 17         |

\* 1 skammtur jafngildir 250 ml af mjólkurvörum eða 25 g af osti

Mjólkurvörur eru besti kalkgjafi fæðunnar og á mynd 2.1 má sjá að meðalkalkneysla er ekki fullnægjandi meðal þeirra þátttakenda sem neyta minni mjólkur en ráðleggingin segir til um. Aðeins 21% þeirra 9 ára barna, sem neyttu minna en 2 skammta af mjólk og mjólkurvörum, fengu ráðlagðan dagskammt (RDS) af kalki sem er 800 mg/dag fyrir 9 ára börn.

Aðeins 17% 15 ára barna sem neyttu minna en 2 skammta af mjólk og mjólkurvörum, fengu RDS af kalki (1000 mg/dag). Um 30% þeirra unglínga sem neyttu 2-5 skammta af mjólkurvörum á dag, náðu ekki RDS af kalki. 15 ára unglíngar þurfa að neyta þriggja skammta af mjólkurvörum á degi hverjum til að ná RDS af kalki. Í þessu samhengi er þó rétt að taka það fram að þó sumir einstaklingar nái ekki RDS af kalki þá þýðir það ekki endilega að líkamlegri þörf fyrir efnið sé ekki fullnægt (sjá nánar í kafla 4.2.1).

Fjórir 15 ára einstaklingar (2,7%) fóru yfir efri mörk sem sett hafa verið fyrir kalkneyslu (2500 mg/dag). Þeir neyttu allir á bilinu 7 til 9 skammta af mjólkurvörum á dag.



**Mynd 2.1** Heildarneysla á kalki sem þátttakendur fengu úr mjólk og mjólkurvörum auk osta, eftir fjölda skammta\* sem neytt var að meðaltali á degi hverjum.

\* 1 skammtur jafngildir 250 ml af mjólkurvörum eða 25 g af osti

## 2.5 Salt í hófi

Mikil saltneysla hefur verið tengd hækkun á blóðþrýstingi hjá ákveðnum einstaklingum. Samkvæmt norrænum ráðleggingum um næringarefni er æskilegt að saltneysla sé ekki meiri en 6 grömm á dag hjá fullorðnum konum og 7 grömm á dag hjá fullorðnum karlmönnum (16). Ráðleggingar fyrir börn eru reiknaðar út frá gildum fyrir fullorðna miðað við orkuþörf en samkvæmt því er æskilegt að neysla 9 ára barna sé ekki meiri en 4-5 grömm á dag (16). Orkuþörf 15 ára unglunga er svipuð og fullorðinna og er því æskilegt að saltneysla þeirra sé í samræmi við ráðleggingar sem gefnar eru fullorðnum.

Meðalneyslan af matarsalti hjá 9 ára börnum var 7,2 grömm á dag en 8,6 grömm á dag meðal 15 ára unglunga. Ákveðnir hópar barna og unglunga neyta mjög mikils salts eins og fram kemur í því að 5% 9 ára barna borðuðu meira en 10 grömm á dag og 5% 15 ára unglunga meira en 14,5 grömm á dag af matarsalti.

## 2.6 Lýsi eða annar D-vítamínjafi

Þegar kemur að lýsisneyslu er mikil ástæða til að hvetja til almennrar neyslu sérstaklega yfir vetrartímann. Hlutfall 9 ára barna sem tók lýsi var rétt rúm 18%, en aðeins 3% 15 ára unglunga tók lýsi. Hugsanlegt er að hlutfallið sé að einhverju leyti vanmetið vegna þeirrar aðferðar sem notuð var í rannsókninni, en niðurstöðurnar gefa þó upplýsingar um hversu stórt hlutfall barna og unglunga neytir lýsis daglega eða að minnsta kosti annan hvern dag. Hærra hlutfall barna gæti þó tekið lýsi öðru hverju yfir veturinn.

Lýsi er einn helsti D-vítamínjafi í fæði Íslendinga en D-vítamín er nauðsynlegt til að kalk úr fæði nýtist sem best. Um 26% 15 ára unglunga og 27% 9 ára barna sögðust taka

inn vítamín, steinefni eða önnur fæðubótarefni. Meðalneysla D-vítamíns hækkaði úr um 3,5 mikrógrömmum á dag að jafnaði í um 5,5 mikrógrömm á dag ef neysla bætiefna var tekin með í reikninginn. Lýsi telst til matvæla og reiknast inn í næringargildi fæðunnar án bætiefna. Ráðlagður dagskammtur barna og unglunga er 10 mikrógrömm á dag af D-vítamíni og fæst hann auðveldlega með því að taka eina teskeið af lýsi daglega (eða um það bil 5 millilítra á dag). Að auki fást úr lýsinu ómega-3 fitusýrur sem einnig eru af skornum skammti í fæði barna og unglunga.

## 2.7 Vatn er besti svaladrykkurinn

Vatnsdrykkja barna og unglunga hefur stórauðist á síðastliðnum áratug og er það vel (sjá nánar í kafla 3). Hins vegar er neysla á sykrudum gosdrykkjum og öðrum sykrudum drykkjum einnig mjög mikil og ástæða til að vara við því, meðal annars vegna tengsla neyslu slíkra drykkja við ofþyngd og offitu (17).

## 2.8 Hugum að þyngdinni – borðum hæfilega mikið

Hlutfall of þungra í rannsókninni reyndist vera 18% meðal 9 ára barna og 15% meðal 15 ára unglunga ef miðað er við alþjóðleg viðmiðunarmörk fyrir ofþyngd og offitu (18). Aðeins 10% 15 ára stúlkna í rannsókninni töldust vera of þungar en líklega endurspeglar það ekki raunverulega tíðni ofþyngdar stúlkna á þessum aldri. Of þungar 15 ára stúlkur voru líklegri til að neita þátttöku í rannsókninni sem meðal annars fól í sér þrekróf og ýmsar aðrar mælingar á líkamsástandi.

Skammtastærðir af flestum mat hafa stækkað mjög mikið á undanförunum áratugum á sama tíma og fólk hreyfir sig sífellt minna. Framboð og markaðsetning á mat hefur einnig aukist til muna. Meðal viðkvæmra hópa getur þessi þróun leitt til ofþyngdar og offitu á þann hátt að fólk verður líklegra til að neyta meiri orku en líkami þeirra eyðir að jafnaði við dagleg störf.

Erfitt hefur reynst að bera saman mataræði of þungra eða of feitra fullorðinna einstaklinga og einstaklinga í kjörþyngd vegna þess að þeir sem eru of þungir eru líklegri til að vanskrá neyslu sína, sérstaklega þegar kemur að orkurikum matvælum (19). Líklegt er að vandinn sé einnig til staðar í rannsóknnum á unglungum og stálpuðum börnum. Þetta vandamál er mun algengara í rannsóknnum á konum en körlum (20,21).

Of þungir 9 ára drengir neyttu að jafnaði minna magns af drykkjarmjólk heldur en jafnaldrar þeirra sem voru í kjörþyngd (287 grömm á dag miðað við 469 grömm á dag,  $p=0,011$ ), einnig neyttu þeir meira af kjöti (120 grömm á dag miðað við 88 grömm á dag,  $p=0,041$ ), sælgæti (19 grömm á dag miðað við 8 grömm á dag,  $p=0,043$ ) og gosi (503 grömm á dag miðað við 346 grömm á dag,  $p=0,064$ ).

Helsti munur, sem sást á of þungum 15 ára piltum og þeim sem voru í kjörþyngd, var sá að hlutfall af heildarorku úr próteinum var hærra meðal þeirra sem voru of þungir (17,3% miðað við 15,2%,  $p=0,019$ ), hlutfall kolvetna lægra (50,8 miðað við 54,7%,  $p=0,011$ ) og hlutfall orku úr viðbættum sykri lægra (11,9% miðað við 17,5%). Mismunur á neyslu á viðbættum sykri endurspeglast í því að of þungir 15 ára piltar virðast neyta minna magns af sætum drykkjum á borð við gosdrykki (450 grömm á dag miðað við 682 grömm á dag,  $p=0,068$ ) en drekka aftur á móti meira af vatni heldur en jafnaldrar þeirra sem eru í kjörþyngd (910 grömm á dag miðað við 566 grömm á dag,  $p=0,006$ ). Bendir þessi munur til þess að 15 ára piltar, sem eru of þungir, séu

meðvitaðir um ofþyngd sína og séu að breyta neysluvenjum sínum meðvitað með því til dæmis að draga úr neyslu á viðbættum sykri. Önnur skýring á þessum mun gæti legið í vanskráningu á neyslu matvæla sem innihalda mikinn viðbættan sykur, svo sem sykruðum drykkjum.

Meðal bæði 9 og 15 ára stúlkna mátti greinilega sjá áhrif megrunar eða vanskráningar. Til að mynda var orka í fæði 15 ára stúlkna, sem töldust vera of þungar eða of feitar, að jafnaði tæplega 1600 hitaeiningar á dag en tæplega 2000 hitaeiningar meðal þeirra sem voru í kjörþyngd. Hugsanlegt er að þessar stúlkur hafi verið í megrun en ekki er heldur hægt að útiloka vanskráningu. Þess ber þó að geta að of þungar 15 ára stúlkur hreyfa sig mun minna en jafnöldrur þeirra í kjörþyngd og hefur það áhrif á heildarorkuþörf dagsins. Í hvorugum aldurshópnum sást marktækur munur á neyslu fæðutegunda milli of þungra eða of feitra stúlkna og stúlkna í kjörþyngd.

## **2.9 Máltíðamynstur – morgunmat**

Gildi þess að borða morgunverð er talið vera mikið. Samkvæmt ráðleggingum er æskilegt að 20-25% af heildarorku dagsins sé neytt að morgni dags. Fæði barna og unglínga, sem borða morgunmat, er almennt næringarríkara en þeirra sem sleppa morgunmat og morgunverðurinn hefur reynst hafa áhrif á almennt heilsufar og frammistöðu í skóla svo eitthvað sé nefnt.

5% 9 ára barna höfðu ekki neytt morgunverðar annan af þeim tveimur dögum sem skráningin náði yfir, en ekkert barnanna sleppti morgunverði báða dagana. Meðal 15 ára unglínga neyttu 22% ekki morgunverðar annan daginn, en 3% slepptu morgunverði báða dagana. Að jafnaði neyttu 9 ára börn 24% af heildarorku dagsins að morgni til en 15 ára unglíngarnir aðeins um 19%. Um 30% 9 ára barna og 50% 15 ára unglínga neyttu minna en 20% af heildarorku dagsins að morgni til en það eru neðri mörk þess sem ráðlagt er.

Flest neyttu ungmennin í rannsókninni 4 til 6 máltíða daglega. Um 3% 9 ára barna og 10% 15 ára unglínga neyttu færri en 4 máltíða daglega.





### 3. NEYSLA MATVÆLA

#### 3.1 Mjólk og mjólkurvörur

Til þessa flokks teljast allar mjólkurvörur nema ostur og smjör. Meðalneysla 9 ára barna var 570 grömm á dag (tafla 3.1.a), en 514 grömm meðal 15 ára unglunga (tafla 3.1.b). Ef aðeins er skoðuð drykkjarmjólk (sýrðar mjólkurvörur undanskildar) sést að um 53% af drykkjarmjólk 9 ára barna eru léttmjólk, en þetta hlutfall er 57% hjá 15 ára unglungum.

Í könnun á mataræði ungs skólafólks 1992-1993 var meðalneysla 10-14 ára barna á mjólkurvörum tæpt kíló á dag og rúmur helmingur allra mjólkurvara var nýmjólk. Núna er nýmjólk um þriðjungur af heildarneyslu mjólkur og mjólkurvara.

Að meðaltali koma um 12% af viðbættum sykri í fæði 9 ára barna úr mjólkurvörum og 7% af viðbættum sykri í fæði 15 ára barna.

**Tafla 3.1.a** Mjólk og mjólkurvörur (g/dag). 9 ára.

|         |          | Mjólk og<br>mjólkurvörur | Nýmjólk<br>drykkir | Léttmjólk<br>drykkir | Undanrenna<br>drykkir | Sýrðar<br>mjólkurv. |
|---------|----------|--------------------------|--------------------|----------------------|-----------------------|---------------------|
| Stúlkur | Meðaltal | 587                      | 187                | 267                  | 25                    | 99                  |
|         | s.d.     | 295                      | 247                | 276                  | 75                    | 106                 |
|         | 5%       | 140                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 10%      | 206                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 25%      | 349                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | Miðgildi | 587                      | 125                | 200                  | 0                     | 80                  |
|         | 75%      | 763                      | 288                | 419                  | 0                     | 180                 |
|         | 90%      | 967                      | 573                | 662                  | 75                    | 270                 |
|         | 95%      | 1156                     | 660                | 824                  | 226                   | 310                 |
| Drengir | Meðaltal | 554                      | 195                | 207                  | 16                    | 108                 |
|         | s.d.     | 290                      | 232                | 254                  | 59                    | 109                 |
|         | 5%       | 173                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 10%      | 217                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 25%      | 348                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | Miðgildi | 515                      | 125                | 119                  | 0                     | 83                  |
|         | 75%      | 748                      | 297                | 356                  | 0                     | 170                 |
|         | 90%      | 1016                     | 546                | 623                  | 0                     | 284                 |
|         | 95%      | 1076                     | 681                | 745                  | 125                   | 350                 |
| Allir   | Meðaltal | 570                      | 191                | 236                  | 20                    | 104                 |
|         | s.d.     | 292                      | 239                | 266                  | 67                    | 108                 |
|         | 5%       | 160                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 10%      | 213                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 25%      | 348                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | Miðgildi | 548                      | 125                | 125                  | 0                     | 83                  |
|         | 75%      | 748                      | 294                | 375                  | 0                     | 170                 |
|         | 90%      | 1000                     | 558                | 638                  | 63                    | 277                 |
|         | 95%      | 1130                     | 679                | 804                  | 133                   | 325                 |

**Tafla 3.1.b** Mjólk og mjólkurvörur (g/dag). 15 ára.

|         |          | Mjólk og<br>mjólkurvörur | Nýmjólk<br>drykkir | Léttmjólk<br>drykkir | Undanrenna<br>drykkir | Sýrðar<br>mjólkurv. |
|---------|----------|--------------------------|--------------------|----------------------|-----------------------|---------------------|
| Stúlkur | Meðaltal | 479                      | 130                | 183                  | 46                    | 90                  |
|         | s.d.     | 297                      | 203                | 236                  | 116                   | 128                 |
|         | 5%       | 0                        | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 10%      | 79                       | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 25%      | 257                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | Miðgildi | 426                      | 0                  | 75                   | 0                     | 18                  |
|         | 75%      | 714                      | 153                | 294                  | 0                     | 163                 |
|         | 90%      | 909                      | 425                | 569                  | 150                   | 250                 |
|         | 95%      | 981                      | 578                | 625                  | 313                   | 289                 |
| Piltar  | Meðaltal | 545                      | 142                | 261                  | 15                    | 113                 |
|         | s.d.     | 350                      | 207                | 307                  | 67                    | 143                 |
|         | 5%       | 35                       | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 10%      | 165                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 25%      | 282                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | Miðgildi | 471                      | 0                  | 188                  | 0                     | 75                  |
|         | 75%      | 719                      | 231                | 400                  | 0                     | 200                 |
|         | 90%      | 1010                     | 500                | 630                  | 0                     | 275                 |
|         | 95%      | 1338                     | 604                | 855                  | 80                    | 375                 |
| Allir   | Meðaltal | 514                      | 136                | 224                  | 30                    | 102                 |
|         | s.d.     | 327                      | 204                | 277                  | 95                    | 137                 |
|         | 5%       | 19                       | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 10%      | 138                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | 25%      | 274                      | 0                  | 0                    | 0                     | 0                   |
|         | Miðgildi | 457                      | 0                  | 138                  | 0                     | 75                  |
|         | 75%      | 713                      | 200                | 375                  | 0                     | 175                 |
|         | 90%      | 971                      | 447                | 600                  | 114                   | 255                 |
|         | 95%      | 1111                     | 603                | 670                  | 239                   | 352                 |

## 3.2 Ostar og egg, Ís, snakk og sælgæti

### 3.2.1 Ostar og egg

Meðalostneysla 9 ára barna var 22 grömm á dag, en það samsvarar um það bil osti á 1 ½ brauðsneið að jafnaði. Ostneysla 15 ára unglunga er ívið meiri, eða 35 grömm á dag að meðaltali. Það er svipað magn og fullorðnir Íslendingar borða á dag samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði 2002 (2). Eggjaneysla er mjög lítil í báðum aldurshópum.

**Tafla 3.2.a** Ostar, egg, ís, snakk og sælgæti (g/dag). 9 ára.

|         | Ostar    | Egg og<br>eggjavörur | Ís | Snakk og<br>popp | Sælgæti,<br>sykur og<br>hunang |    |
|---------|----------|----------------------|----|------------------|--------------------------------|----|
| Stúlkur | Meðaltal | 24                   | 4  | 13               | 6                              | 15 |
|         | s.d.     | 21                   | 12 | 33               | 11                             | 19 |
|         | 5%       | 0                    | 0  | 0                | 0                              | 0  |
|         | 10%      | 0                    | 0  | 0                | 0                              | 0  |
|         | 25%      | 5                    | 0  | 0                | 0                              | 1  |
|         | Miðgildi | 20                   | 0  | 0                | 0                              | 10 |
|         | 75%      | 38                   | 4  | 0                | 10                             | 22 |
|         | 90%      | 56                   | 8  | 38               | 21                             | 34 |
|         | 95%      | 67                   | 13 | 85               | 34                             | 53 |
| Drengir | Meðaltal | 21                   | 4  | 12               | 7                              | 19 |
|         | s.d.     | 18                   | 8  | 27               | 14                             | 21 |
|         | 5%       | 0                    | 0  | 0                | 0                              | 0  |
|         | 10%      | 0                    | 0  | 0                | 0                              | 1  |
|         | 25%      | 5                    | 0  | 0                | 0                              | 6  |
|         | Miðgildi | 18                   | 0  | 0                | 0                              | 12 |
|         | 75%      | 32                   | 5  | 0                | 8                              | 25 |
|         | 90%      | 46                   | 14 | 68               | 25                             | 46 |
|         | 95%      | 56                   | 25 | 74               | 47                             | 68 |
| Allir   | Meðaltal | 22                   | 4  | 12               | 6                              | 17 |
|         | s.d.     | 19                   | 10 | 30               | 13                             | 20 |
|         | 5%       | 0                    | 0  | 0                | 0                              | 0  |
|         | 10%      | 0                    | 0  | 0                | 0                              | 0  |
|         | 25%      | 5                    | 0  | 0                | 0                              | 3  |
|         | Miðgildi | 20                   | 0  | 0                | 0                              | 12 |
|         | 75%      | 35                   | 4  | 0                | 10                             | 25 |
|         | 90%      | 50                   | 10 | 54               | 24                             | 40 |
|         | 95%      | 63                   | 19 | 73               | 41                             | 59 |

### 3.2.2 Ís, snakk og sælgæti

Ef neysla sælgætis er borin saman við könnun á mataræði ungs skólafólks 1992-1993 virðist ekki hafa orðið mikil breyting þar á. Þar reyndist meðalsælgætisneysla 10 ára barna vera 16 grömm á dag. Í þessari könnun reyndist neysla 9 ára barna á sælgæti, sykri og hunangi vera 17 grömm á dag að jafnaði. Meðalneysla 15 ára unglunga á vörum úr sama flokki reyndist vera 37 grömm á dag og er það sambærilegt magn og 15-19 ára unglunga í landskönnun 2002 reyndust neyta af sömu matvælum

(meðalneysla 38 grömm á dag). Meðalneysla 14 ára unglunga 1992-1993 var um 30 grömm á dag. Þess má geta að algeng stærð súkkulaðistykkis er rétt tæp 60 grömm. Meiri neysla 15 ára unglunga á snakki og poppi heldur en meðal 9 ára barna skýrist helst af mikilli neyslu meðal 15 ára drengja sem samsvarar rúmlega einum snakkpoka á viku. 15 ára stúlkur virðast neyta meira af ís heldur en 15 ára drengir.

**Tafla 3.2.b** Ostar, egg, ís, snakk og sælgæti (g/dag). 15 ára.

|         |          | Ostar | Egg og<br>eggjavörur | Ís  | Snakk og<br>popp | Sælgæti,<br>sykur og<br>hunang |
|---------|----------|-------|----------------------|-----|------------------|--------------------------------|
| Stúlkur | Meðaltal | 30    | 6                    | 21  | 8                | 34                             |
|         | s.d.     | 20    | 18                   | 44  | 15               | 29                             |
|         | 5%       | 8     | 0                    | 0   | 0                | 0                              |
|         | 10%      | 9     | 0                    | 0   | 0                | 1                              |
|         | 25%      | 16    | 0                    | 0   | 0                | 8                              |
|         | Miðgildi | 22    | 0                    | 0   | 0                | 27                             |
|         | 75%      | 42    | 6                    | 15  | 15               | 50                             |
|         | 90%      | 60    | 20                   | 105 | 35               | 77                             |
|         | 95%      | 74    | 27                   | 125 | 47               | 100                            |
| Piltar  | Meðaltal | 40    | 9                    | 11  | 16               | 39                             |
|         | s.d.     | 31    | 16                   | 29  | 29               | 50                             |
|         | 5%       | 0     | 0                    | 0   | 0                | 0                              |
|         | 10%      | 2     | 0                    | 0   | 0                | 2                              |
|         | 25%      | 16    | 0                    | 0   | 0                | 8                              |
|         | Miðgildi | 35    | 0                    | 0   | 0                | 18                             |
|         | 75%      | 56    | 11                   | 0   | 22               | 58                             |
|         | 90%      | 81    | 28                   | 44  | 50               | 104                            |
|         | 95%      | 119   | 53                   | 113 | 75               | 160                            |
| Allir   | Meðaltal | 35    | 8                    | 16  | 12               | 37                             |
|         | s.d.     | 27    | 17                   | 37  | 24               | 42                             |
|         | 5%       | 0     | 0                    | 0   | 0                | 0                              |
|         | 10%      | 8     | 0                    | 0   | 0                | 1                              |
|         | 25%      | 16    | 0                    | 0   | 0                | 8                              |
|         | Miðgildi | 32    | 0                    | 0   | 0                | 22                             |
|         | 75%      | 50    | 8                    | 0   | 20               | 55                             |
|         | 90%      | 75    | 24                   | 78  | 50               | 94                             |
|         | 95%      | 86    | 41                   | 115 | 52               | 116                            |

### 3.3 Kornvörur

Brauðneysla virðist hafa aukist umtalsvert meðal barna og unglunga frá því í könnuninni sem gerð var 1992-1993. Í þeirri könnun var meðalneysla 10-14 ára barna 93 grömm á dag, en 140 grömm að jafnaði hjá 9 og 15 ára unglingum nú. Þó er rétt að geta þess að fjöldi brauðsneiða, sem börnin neyta nú, hefur ekki aukist á þessum tíma heldur hefur stærð brauða og þar með þyngd hversrar sneiðar aukist. Í könnun á mataræði ungs fólks 1992-1993 var brauðneysla upp á 93 grömm á dag sögð samsvara 3 ½ sneið á dag en það þýðir að meðalbrauðsneiðin var um það bil 27 grömm (1). Á undanförunum árum hafa sneiðarnar þyngst þannig að 140 grömm af brauði nú samsvara um 3 ½ sneið af samlokubrauði sem er algengasta brauðið á markaðnum núna. Hver sneið vegur um 40 grömm. Þyngdaraukningin á brauðsneiðum síðastliðin 13 ár samsvarar því um 50%.

**Tafla 3.3.a** Kornvörur (g/dag). 9 ára.

|         |          | Brauð | Kökur og kex | Morgunkorn | Pasta | Pítsur |
|---------|----------|-------|--------------|------------|-------|--------|
| Stúlkur | Meðaltal | 116   | 49           | 35         | 24    | 20     |
|         | s.d.     | 66    | 56           | 38         | 38    | 41     |
|         | 5%       | 21    | 0            | 0          | 0     | 0      |
|         | 10%      | 34    | 0            | 3          | 0     | 0      |
|         | 25%      | 68    | 15           | 15         | 0     | 0      |
|         | Miðgildi | 113   | 33           | 30         | 0     | 0      |
|         | 75%      | 160   | 66           | 38         | 50    | 0      |
|         | 90%      | 196   | 111          | 72         | 78    | 101    |
|         | 95%      | 241   | 159          | 112        | 100   | 120    |
| Drengir | Meðaltal | 128   | 48           | 36         | 15    | 27     |
|         | s.d.     | 61    | 48           | 40         | 30    | 50     |
|         | 5%       | 36    | 0            | 0          | 0     | 0      |
|         | 10%      | 66    | 0            | 5          | 0     | 0      |
|         | 25%      | 90    | 7            | 15         | 0     | 0      |
|         | Miðgildi | 118   | 30           | 30         | 0     | 0      |
|         | 75%      | 162   | 90           | 43         | 14    | 28     |
|         | 90%      | 203   | 120          | 67         | 50    | 120    |
|         | 95%      | 222   | 148          | 96         | 91    | 153    |
| Allir   | Meðaltal | 123   | 48           | 36         | 19    | 24     |
|         | s.d.     | 63    | 52           | 39         | 34    | 46     |
